

Nokkur orð um aðdraganda og undirbúning ferðar á Skeiðarársand 2. september

Nú eru liðin 5 ár frá því að gróðurreitir voru settir niður á vegum FAS. Á hverju hausti hefur verið farið með hóp nemenda til að skoða reitina og kanna breytingar á gróðri. Ferðin krefst jafnan nokkurs undirbúnings til að rannsóknir og mælingar á vettvangi og skráning þeirra takist sem best. Þá er ekki síður mikilvægt að allir nemendur hafi hlutverk til vinnan verði skipulögð og gangi hratt fyrir sig. Yfirleitt fara ríflega sex tímar í ferðina og vinnuna á vettvangi.

Frá því að farið var fyrst í ferðina hafa komið upp atriði sem hefur þurft að bregðast við. Þegar reitirnir vorum merktir var það gert með steinsteypujárnnum og þeir merktir með GPS hniti. Árið á eftir reyndist erfitt að koma auga á reitina því járnin voru mjög samlit umhverfinu. Þá var brugðið á það ráð að setja tréstaup sem var litaður í sterkum lit í eitt hornið og auðveldaði það mjög að finna reitina. Vorið 2011 varð gos í Grímsvötnum og barst mikið af ösku yfir sandinn. Fíngerð askan lagðist yfir svæði og færðist svo til með veðri og vindum. Hún hefur sum staðar náð að kaffæra lágvaxinn, viðkvæman gróður. Þá lék hún merki sem notuð voru til að merkja einstakar plöntur illa svo víða var illmögulegt að greina númer. Til að bregðast við því var nú brugðið á það ráð að nota merki eins og sett eru í sauðfé og þau síðan fest við plöntur með vír. Þá hefur nokkuð verið um að litlar plöntur hafi sést að hausti en hafi jafnvel verið horfnar árið á eftir. Þetta á sérstaklega við um loðvíði. Því var ákveðið núna að merkja einungis plöntur sem eru 10 cm eða hærrí.

Að þessu sinni kom það í hlut nemenda í umhverfis- og auðlindafræði að fara á Skeiðarársandinn. Alls fóru 15 nemendur ásamt tveimur kennurum og var nemendum skipt í þrjú hópa. Þó reitirnir fimm séu allir jafnstórir er mjög misjafnt hversu mikið er að gera í hverjum reit. Í reitum fjögur og fimm eru langflestar plöntur og því mest vinnan þar. Í reitum eitt, tvö og þrjú eru ekki margar plöntur og því mun fljótlega að skoða þá. Einn hópurinn fékk því það hlutverk að fara í reitina þrjú.

Áður en farið var í ferðina voru settir hópstjóri og ritari í hvern hóp. Þeir bera ábyrgð á að allt sé gert og rétt skráð á til þess gerð eyðublöð. Aðrir í hópnum sjá svo um talningar á plöntum og mælingar á þeim. Meðal þess sem þarf að

gera er að áætla gróðurþekju innan reitsins, telja og flokka trjáplöntur, greina háplöntur, mæla hæð trjáa og finna lengstan árssprota. Ef reklar eru til staðar þarf að áætla fjölda þeirra. Athuga þarf hvort ummerki um skordýr eða beit sjást á plöntunum og eins ef eitthvað er sérstakt í og við reitina. Mesta vinnan að þessu sinni var að skipta um merki á plöntunum. Þá er mikilvægt að taka mynd af hverjum reit og skal þess gætt að myndin sé alltaf tekin frá sama sjónarhorni.

Ferðin gekk í alla staði vel. Í fyrstu var ágætt veður en heldur bætti í vind undir hádegi. Það passaði til að þegar farið var til baka gekk á með skúrum.

Eftir ferðina hafa nemendur notað tímann til að vinna úr upplýsingunum sem söfnuðust. Að þessu sinni var mjög mikið af lirfum ertuyglu á birkitrjám og sást greinilega að þær tóku hraustlega til matar síns. Á vef Náttúrufræðistofnunar kemur fram að ertuygla sem er fiðrildategund hafi sést hér í auknum mæli á undanförunum árum. Lirfan er mjög áberandi síðsumars og étur mikið áður en hún fellur í jarðveginn þar sem hún púpar sig og bíður vors.

FAS hefur um langt skeið lagt á það áherslu að nemendur skoði náttúruna og tileinki sér öguð og skipuleg vinnubrögð. Þá er ekki síður mikilvægt að þeir séu færir um að meta þær breytingar sem verða og bera saman við niðurstöður fyrri ára.

Þó það hafi gengið á ýmsu í reitunum okkar í FAS frá byrjun má þó sjá þar greinilegar vísbendingar um að gróðurinn er í mikilli sókn. Sem dæmi má nefna plöntu 3,2 sem er birkiplanta. Þegar hún var fyrst mæld 2009 reyndist hún vera 145 cm en við mælingu núna var hún 174 cm.

Líkt og fyrri ár verða niðurstöður ferðarinnar birtar á <http://nattura.fas.is/>

Hjördís Skírnisdóttir